

Ársskýrsla Kvennasögusafns Íslands 2001

Reykjavík, febrúar 2001

Ársskýrsla

Kvennasögusafns Íslands 2001

Umsjón:
Auður Styrkársdóttir

Yfirlestur:
Emilía Sigmarsdóttir
Sigríður Th. Erlendsdóttir
Stefanía M. Pétursdóttir

Kvennasögusafn Íslands
Arngrímögötu 3, 107 Reykjavík
Sími og símbréf: 525 5779
Netfang: kona@bok.hi.is
Veffang: <http://www.kona.bok.hi.is>

Starfsmenn

Forstöðumaður fram til 15. maí var Erla Hulda Halldórsdóttir sagnfræðingur, en frá þeim degi Auður Styrkárstöttir stjórnmálafræðingur. Forstöðumaður er eini starfsmaður safnsins.

Stjórn safnsins skipa:

Emilía Sigmarsdóttir, fulltrúi Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns. Sigríður Th. Erlendsdóttir, fulltrúi Rannsóknastofu í kvennafræðum. Stefanía María Pétursdóttir, fulltrúi Kvenfélagasambands Íslands.

Almennt um starfsemi safnsins

Unnið er samkvæmt markmiðum Kvennasöfusafns Íslands: að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Safninu er einnig ætlað að miðla þekkingu um sögu kvenna, aðstoða þá sem leita heimilda á því sviði og hvetja til rannsókna á sviði kvennasögu og kvennafræða.

Til safnsins leita einkum namar og fræðimenn í heimildaleit, en einnig annað áhugafólk um kvennasögu. Talsvert berst af fyrirspurnum símleiðis og með tölvupósti. Safnið er skráð í gagnagrunna um stofnanir á sviði kvennasögu og kynjarannsókna og berst því nokkuð af fyrirspurnum erlendis frá.

Dagleg starfsemi felst í:

- Viðveru á afgreiðslutíma safnsins.
- Viðtöku, grísjun, skráningu og frágangi þeirra gagna sem í safnið berast.
- Aðstoð við notendur safnsins. Er þá átt við aðstoð við heimildaöflun vegna verkefna á sviði kvennsögu og kynjafræða, einnig ráðgjöf um verkefni á þessu sviði.
- Upplýsingum og ráðgjöf veittri um tölvupóst, bæði til innlendra aðila og erlendra.
- Upplýsingum og ráðgjöf veittri í síma, bæði til notenda safnsins og einstaklinga og félagasamtaka sem hafa hug á að afhenda safninu gögn.

Þá eru ýmis önnur verkefni í höndum forstöðumanns: norrænt samstarf, ráðstefnur og fundir, útgáfumál, sýningar, greinaskrif, fyrirlestrar, fjáröflun o.fl.

Sýningar

Kvennasögusafn hleypti af stökkunum sýningaröðinni „Fellingar“ – samvinnuverkefni safnsins, Landsbókasafns og 13 starfandi myndlistarkvenna. Röðin hafði það markmið að

varpa ljósi á hlut nokkurra núlifandi myndlistarkvenna í íslenskri listasögu og efla skrásetningu á starfi myndlistarkvenna almennt. Hver sýning stóð í einn mánuð og var tvískipt. Annars vegar í Kvennasögusafni á 4. hæð og hins vegar á opnu svæði fyrir framan útlánadeild á 2. hæð. Auk þess voru á 2. hæð upplýsingar um þá listakonu sem sýndi hverju sinni og tölulegar staðreyndir sem vörpuðu ljósi á hlut kvenna í íslenskri listasögu. Listakonurnar afhentu Kvennasögusafni gögn um listferil sinn. Með því vilja þær hvetja konur til að safna gögnum um eigin sögu.

Listakonurnar sem sýndu á árinu voru þessar:

19. 06. – Alda Sigurðardóttir

01. 08. – Magnea Ásmundsdóttir

05. 09. – Erla Þórarinsdóttir

03. 10. – Kristín Reynisdóttir

07.11. – Harpa Björnsdóttir

05. 12. – Björg Örvar

Sýningaröðinni verður fram haldið á árinu 2002. Að undirbúningi hafa unnið forstöðumaður og Emilía Sigmarsdóttir.

16. nóvember opnaði Kvennasögusafn sýningu á ævi og störfum Bjargar C. Þorláksson undir heitinu „Maður, lærðu að skapa sjálfan þig“. Sýningin var í sýningarrými á 2. hæð Þjóðarbókhöfðu. Hún rakti ævi og störf dr. Bjargar í máli og myndum og einnig gat að líta marga muni úr hennar eigu sem fengin voru að láni frá ættmendum hennar, Jónu Hansen og Sigsteini Pálssyni. Samtímis kom út hjá JPV forlagi ævisaga Bjargar er dr. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir ritaði og bar heitið *Björg. Ævisaga Bjargar C. Þorláksson*. Höfundur hlaut Íslensku bókmennta-verðlaunin fyrir ritið í flokknum fræðirit í janúar 2002.

Björg C. Þorláksson varð fyrst íslenskra kvenna til að ljúka doktorsprófi 17. júní 1926 og voru því liðin 75 ár frá þeim atburði. Áhugahópur um minningu dr. Bjargar hafði þann 17. júní 2001 afhjúpað brjóstmynd Ásmundar Sveinssonar af dr. Björgu á stað þeim er Háskóli Íslands valdi við Odda, hús félagsvísindadeildar.

Sýningu Kvennasögusafns var valinn opnunardagur á degi íslenskrar tungu til þess að heiðra þátt dr. Bjargar í varðveislu og viðreisn íslenskunnar, en hún vann mjög að Íslensk-dönsku orðabókinni með Sigfúsi Blöndal og stuðlaði að útgáfu hennar. Hún var einnig áhugasöm um að koma á fót norrænum þýðingarsjóði og þýddi sjálf nokkur skáldverk eftir kunna norræna rithöfunda, þ.á.m. verk Selmu Lagerlöf, *Jerúsalem*.

Opnun sýningarinnar fór fram 15. nóvember. Við opnunina fluttu ávörp Auður Styrkársdóttir forstöðumaður Kvennasögusafns Íslands og Einar Sigurðsson landsbókavörður.

Dr. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir prófessor flutti erindi um Björgu og Björn Bjarnason menntamálaráðherra opnaði sýninguna. Við athöfnina las Edda Heiðrún Backmann kafla úr bókinni *Björg* eftir dr. Sigríði Dúnu Kristmunds-dóttur og Marta Guðrún Halldórsdóttir óperusöngkona söng milli atriða.

Emilía Sigmarsdóttir vann að undirbúningi sýningarinnar auk forstöðumanns og henni til aðstoðar var Elsa Ævarsdóttir.

Fundir og ráðstefnur

Forstöðumenn hafa sótt fundi og fyrirlestra er tengjast kvennasögu og safnamálum. Er einkum um að ræða fundi og fyrirlestra Rannsóknastofu í kvennafræðum og Sagnfræðingafélags Íslands, en einnig ráðstefnur og fundi sem félagasamtök gangast fyrir og forstöðumenn hafa talið ávinning af.

Útgáfu- og sölumál

Kvennasögusafn Íslands var útgefandi bókarinnar *Kvennaslóðir. Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*. Forstöðumaður Erla Hulda Halldórsdóttir var einn ritstjóra bókarinnar. Fjármál ritsins og dreifing er í höndum ritstjórnar.

Áður útgefnað bækur safnins seljast hægt en stöðugt.

Norrænt samstarf

Kvennasögusafn Íslands er í nánum tengslum við NIKK, Nordisk institutt i kvinne- og kjønnsforskning, í Osló. Safnið er skráð í gagnagrunna á vegum NIKK og er jafnan getið í tímaritum NIKK (*NIKK Magasin, Nytt fra NIKK og News from NIKK*).

Forstöðumaður sótti námsstefnu norrænna kvennasögusafna sem NIKK gekkst fyrir dagana 18. – 19. október í Gautaborg undir heitinu „Digitalisering av kvinnohistorisk material“. Þátttakendur voru 18 talsins frá eftirtöldum: NIKK, Kvennasögusafn Íslands, Kvinnohistoriska samlingarna í Gautaborg, KVINFO í Kaupmannahöfn, Kvinnliga Akademikers förening í Svíþjóð, Nationella sekretariatet för genusforskning í Örebro og KILDEN í Osló. Þátttakendur kynntu verkefni sem eru á döfni í kvennasögusöfnum og m.a. kynnti Auður Styrkárdsdóttir verkefnið VESTNORD sem felst í stafrænni endurgerð blaða og tímarita á Íslandi og unnið er á Landsbókasafni og Kvennasögusafn tekur þátt í. Á námsstefnunni var samþykkt að koma á fót samstarfshóp um samvinnuverkefni kvennasögusafna er felst í því að gera nýju kvennahreyfinguna sýnilega á vefnum í máli, myndum og músík. Forstöðumaður á sæti í nefndinni fyrir hönd Íslands.

Á árinu heyrðist ekkert frekar af verkefninu *Images of the Women's Movement* sem stjórnað er af IIAV, Internationaal informatiecentrum en archief voor de vrouwenbeweging, í Amsterdam (sjá Ársskýrslu 2000, bls. 3).

Kvöldvaka

Árleg kvöldvaka Kvennasögusafns Íslands var haldin 5. desember. Henni er ætlað að vekja athygli á safninu og starfsemi þess, en einnig kvennasögurannsóknum og þeim sem þær stunda.

Fyrirlestur að þessu sinni flutti Þóra Kristjánsdóttir, sérfræðingur hjá Þjóðminja-safni Íslands. Fjallaði erindi hennar um íslenskar myndlistarkonur til forna og bar heitið „Margrét oddhaga og allar hinar“. Þóra byggði frásögn sína á rannsóknum á gripum í Þjóðminjasafni og var hann allur hinn fróðlegasti.

Vilborg Dagbjartsdóttir las frumsamin ljóð sín.

Björg Örvar flutti frumsamið ljóð, en myndlistarsýning hennar í röðinni „Fellingar“ var opnuð sama dag.

Anna Pálína Ásgeirsdóttir og Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson sáu um vandaðan tónlistarflutning.

Á döfinni

Áður hefur verið nefnt samvinnuverkefni norrænna kvennasögusafna fyrir forgöngu NIKK.

Á árinu voru lögð drög að verkefninu „Gengið á slóðir kvenna“. Fyrirhugað er að fyrsta gangan verði kynnt með pompi og prakt 19. júní 2002 og kynnt gönguleið á slóðir kvenna í Kvosinni í Reykjavík. Verkefnið er unnið í samvinnu við borgarminjavörð og nokkra sagnfræðinga. Sótt var um styrk til Reykjavíkurborgar til að standa straum af kostnaði við bækling sem verður gefinn út bæði á íslensku og ensku.

Forstöðumaður hefur lagt drög að endurbættri vefsíðu Kvennasögusafns með eftirfarandi möguleikum: Fréttir – Íslenskir kvendoktorar – Námsritgerðir í kvenna- og kynjafræðum. Áætlað er að vefsíðan með nýjum fréttum verði orðin virk fyrir 8. mars 2002, alþjóðabaráttudag kvenna.

Rannsóknasjóður H.Í. veitti styrk til að taka saman efni er gagnast kvenna- og kynjafræðum. Verkefnið verður unnið á árinu 2002 í samvinnu við lektor í Kynjafræðum við H.Í.

Rannsóknastofa í kvennafræðum hefur í samvinnu við nokkrar stofnanir gengist fyrir verkefni sem kallast „Vefrænn kvennagagnabanki“ þar sem ætlunin er að safna saman nöfnum og ágripum kvenna með ýmsa sérfræðipækkingu sem nýst gæti fjölmiðlum, atvinnurekendum og öðrum sem leita að sérfræðipækkingu.

Kvennasögusafn lagði fram kr. 100 þúsund til verkefnisins. Um áramótin höfðu safnast kr. 1.500 þúsund frá eftirtöldum stofnunum auk Kvennasögusafns: Rannsóknastofa í kvennafræðum, Jafnréttisstofa, jafnréttisnefnd H.Í. og átaksverkefnið „Konur til forystu“, forsætisráðuneytið, dómsmálaráðuneytið, viðskipta- og iðnaðarráðuneytið, umhverfisráðuneytið, jafnréttisnefnd Kópavogs og jafnréttisnefnd Hafnarfjarðar. Verkefnisstjóri var ráðin Erla Hulda Halldórsdóttir.

Aðföng 2001

Talsvert magn hvers kyns bæklinga og fréttabréfa berst safninu og er það efni til notkunar í rými safnsins á 4. hæð í Þjóðarbókhöllu. Safnið kaupir lítið eitt af bókum en árlega berast því gjafaeintök bóka frá stofnunum á sviði kvennasögu og kynjafræða á hinum Norðurlöndunum.

Kvennasögusafn er áskrifandi að þremur tímaritum á sviði kvennasögu og kynjafræða: *Women's History Review*, *The European Journal of Women's Studies* og *Kvinder, Køn og forskning*. Safnið fær *NIKK Magasin* og *News from NIKK* og einnig berast safninu endurgjaldslaust tímaritin *Genus* frá Svíþjóð, *Kvast* frá Finnlandi, *Kvinneforskning* og *Bulletin* frá Noregi.

Árið 2001 var eftirfarandi skráð í aðföng Kvennasögusafns Íslands:

14. febrúar 2001. Ragnheiður Ásgeirsdóttir sjúkraliði gefur hlutabréf í Kvennaheimilinu, dagsett 9. júlí 1924.

15. mars 2001. Elínborg Sturludóttir guðfræðinemi í Freiburg sendir safninu greinargerð sína til Nýsköpunarsjóðs námsmanna um framvindu og niðurstöður verkefnisins „Íslenskar konur og Kristur í 1000 ár“. Verkefnið vann hún sumarið og haustið 2000 og naut aðstoðar í Kvennasögusafni Íslands.

25. mars 2001. Ragnheiður Guðmundsdóttir læknir (sjá *Ártöl og áfanga*) afhenti frásögn sína um læknánám fyrir 60 árum, einnig ferilskrá og sérprent úr *Læknablaðinu* 1987 þar sem hún fjallar um upphaf sjúkraliðanáms á Íslandi, en Ragnheiður var upphafsmaður þess. Í safninu var talsvert fyrir af gögnum frá Ragnheiði varðandi sjúkraliða og menntun og störf hennar sjálfrar.

9. apríl 2001. Frá Menningar- og friðarsamtökum íslenskra kvenna bárust sjö möppur með gögnum félagsins frá 1951 til 1999. María S. Gunnarsdóttir bókasafnsfræðingur og

formaður MFÍK afhenti gögnin ásamt fleiri stjórnarkonum. Í safninu eru fyrir fundargerðir og fleiri gögn MFÍK.

- 26. apríl 2001.** Svanhildur Halldórsdóttir afhenti gögn um og eftir móður sína, Halldóru Sigurjónsdóttur kennara og skólastjóra við Húsmæðraskóla Þingeyinga á Laugum í Reykjadal. Um er að ræða eftirrit Svanhildar af ræðum o.fl. gögnum móður sinnar ásamt stuttri samantekt um ævi Halldóru og útskýringu á því hvernig unnið er upp úr handritum Halldóru. Frumritin eru í vörslu Svanhildar en þau eru að hennar sögn mjög torlesin.
- 27. apríl 2001.** Guðrún Helgadóttir kennslufræðingur færði safninu, um hendur Ingu Huldar Hákonardóttur sagnfræðings, eintak af fyrirlestri sem hún flutti við kennaradeild Háskólans á Akureyri 1996. Fyrirlesturinn ber heitið „Störf Halldóru Bjarnadóttur að skólamálu“.
- 21. maí 2001.** Guðfinna Guðmundsdóttir (f. 1931) gefur fáein tölublöð af *Hlín*, ársriti íslenskra kvenna er Halldóra Bjarnadóttir gaf út og ritstýrði.
- 6. júní 2001.** Sesselja Hrönn Guðmundsdóttir (f. 1942) gefur bréf er tengjast langömmu hennar, Margréti Sigurðardóttur (1854-1940), ásamt kveri með vísnum hennar og stuttu æviágripi.
- 5. júlí 2001.** Frá konu er kynnti sig símleiðis sem Harpa bárust nokkur eintök af *Nýja kvennablaðinu*.
- 10. júlí 2001.** Herdís Helgadóttir (f. 1929) gefur mörg eintök af *Forvitin rauð*.
- 3. ágúst 2001.** Peggy Welts Kaufman gefur safninu eintak af bók sinni *Boston Women and School Politics*. Verður skráð á Kvennasögusafn. Einnig gaf hún bæklinga sem lýsa gönguleiðum um kvennaslóðir í Boston, Portland, Maine og Brunswick, Maine o.fl bæklinga um slíkar kvennaslóðir.

5. september 2001. Manitoba Culture Heritage and Tourism í Winnipeg færir safninu um hendur Louise Jonasson listakonu, bæklinga, bækur og annað efni eftir listakonur í Manitoba.

16. september 2001. Vilborg Dagbjartsdóttir gefur eftirtalin handrit:

„Látrabjarg“ eftir Oddnýju Guðmundsdóttur vélritað af henni sjálfri. Birtist í *Sólvörfum* 1960.

„Sjómannsljóð“ eftir Agnia Barto. Þýðing Sigríðar Einarsdóttur í Munaðarnesi, ritað eigin hendi (birtist sennilega í *Sólvörfum* – ath.).

„Jóna skjóða“ eftir Sigríði Einarsdóttur í Munaðarnesi. Eigin rithönd. Birtist í Óskastund *Þjóðviljans*.

„Fyrsta langferðin“ eftir Sigríði Einarsdóttur í Munaðarnesi. Vélritað handrit. Birtist í Óskastundinni.

„Þegar doktor Faust kom saman hjónum“. Málfríður Einarsdóttir þýddi. Vélritað handrit. Birtist í Óskastundinni.

„Dvergurinn Ruglumsperra“. Málfríður Einarsdóttir þýddi. Vélritað handrit. Birtist í Óskastundinni.

„Sonargæla“ eftir Jakobínu Sigurðardóttur. Eigin rithönd.

20. september 2001. Vilhelmína Þorvaldsdóttir kennari gefur, um hendur Stefaníu M. Pétursdóttur, 6 bréf, 2 bréfkort og 1 mynd frá Halldóru Bjarnadóttur til Elísabetar Friðriksdóttur, móður Vilhelmínu. Einnig fylgir með 1 bréf frá Halldóru til Pjeturs Magnússonar, 1 bréf frá „Aðalbjörgu“ til Elísabetar varðandi Kópavogsland og kvenfélagið Hringinn, og umsókn Halldóru Bjarnadóttur um styrk til að koma á fót Tóskaparskóla á Norðurlandi.

20. nóvember 2001. Steinunn Jónsdóttir Steinsen frá Ytri-Bakka við Hjalteyri gefur, um hendur Stefaníu M. Pétursdóttur, eftirtalin rit:

Kvennafræðarinn eftir Elínu Jónsson Briem. 3. prentun.

Kvennablaðið, 3.-6. árgangur, ósamstæðir

Kvenfélagið Framtíðin 50 ára

Kvenfélagið Hlíf 50 ára

21. desember 2001. Kristín Einarsdóttir, fyrrv. alþingiskona, færir safninu gögn frá

Kvennalista – bera þarf saman við það sem fyrir er í safninu. Einnig kom hún með gögn er tilheyra félagsskapnum *Samstöðu* sem fara til aðfangadeildar Landsbókasafns.